

Einhverji

I. árg.

Siglufirði, Miðvikudaginn 26. okt. 1932

29. tbl.



Sigríður Pálsdóttir.



Okkur verður það oftast að hljóðna við, þegar við heyrum mannslát, og ætíð, þegar einhver sá hverfur yfir landamæri lifanna, sem við höfum haft nán kynni af og þótt vænt um, hvort sem hann hefir verið ungur eða gamall að áratali. Við hljóðnum, og oft er því samfara sorg — innileg sorg.

En vegna hvers setur okkur hljóða? Við hljóðnum vegna þess, að okkur vantar vininn í hópinn. Við sjáum hann ekki frammar — heyrum ekki frammar til hans — getum engin áhrif haft frammar á líf hans eða líðun.

Eg hljóðnaði líka við, þegar eg heyrði um andlát Sigríðar Pálsdóttur á Siglufirði. Eg hafði kynnt henni meira og minna síðustu 36 árin; og eg hafði aldrei nema eitt af henni að segja: gott. Og eg býst við, að allir, sem nán kynni höfðu af henni,

hafi sömu söguna að segja, og þá ekki sízt þeir, sem þektu hana bezt.

Sigríður Pálsdóttir var fædd í Reykjavík í svonefndum Pálsbæ, 5. nóv. 1856, og hafði því næstum fyllt sjötta ár hins áttunda tugar.

Mörg síðustu ár æfi sinnar hafði hún við megna vanheilsu að etja, og mun tæplega sá dagur hafa liðið að hún kenndi eigi þrauta. En heilsuleysi sitt bar hún ætíð með þreki og stillingu.

Sigríður Pálsdóttir kom til Siglufjarðar um 1880, og þar giftist hún manni sínum, Hafliða Guðmundssyni, er um langt árabíl var hreppstjóri í Siglufirði. Átti Sigríður síðan heima í Siglufirði til dánardægurs, fyrst ásamt manni sínum og síðar hjá dóttur sinni og tengdasyni.

Á meðan hún og maður hennar höfðu fyrir heimili að sjá, stjórnaði

hún því með ráðdeild, röggsemi og prýði og mun vera leitun á heimilum, þar sem jafnt forsaman stjórnsemi, þrifnaður og snyrtimenska og á heimili hennar, enda var hún starfsöm með afbrigðum og féll aldrei verk úr hendi. Leituðu þangað margir gestir, og mun svo hafa verið, á meðan hún átti húsum að ráða, að aldrei hafi sá dagur loft ljómað, að ekki bæri þar einhverja gesti að gæði, er nutu þar greiða og góðra atlota — auk margra, er dvöldu þar langdvölum.

Börnum sínum var hún æ hin ástúðlegasta móðir, enda elskuðu þau hana öll og virtu. Eru 5 þeirra lifandi og búa öll í Siglufirði. Nutu börn þeirra sama ástíkis ömmu sinnar og hennar eigin börn.

Já — Sigríður Pálsdóttir er horfin sjónum — dái. Allur sá fjöldi karla og kvenna, er kynntust henni til muna, syrgir hana og saknar hennar, en gleðst þó um leið yfir því, að stríðinu er lokið — lífsbaráttunni þungu og eifðu, fullvissir þess, að hún er í höfn komin, til ástvina sinna, er á undan henni voru gengnir — inn á land lifenda.

G.

Kjöttollurinn og kjötverðið hér í Siglufirði.

Árið 1924 var samningur gerður milli Norðmanna og Íslendinga um toll á íslensku kjöti er flyttist til Noregs. Var tollur sá ákveðinn 15 aurar á hvert kíló. En er við bættist gengisviðauki var tollurinn raunverulega 38 aurar. Áður hafði þessi upphæð numið 63 aurum. Hinn 11. febrúar í ár, var samningum þessum sagt upp, og skyldi sú uppsögn gilda frá 1. maí en sá frestur var framlengdur til 1. júlí.